

SAMÞYKKT

um bann við lausagöngu stórgripa í Múlaþingi.

1. gr.

Ákvörðun um lausagöngubann.

Lausaganga stórgripa er bönnuð í öllu sveitarfélaginu Múlaþingi.

2. gr.

Skilgreiningar.

Friðað svæði er land afmarkað vörslulínu sem hindrar frjálsta för stórgripa.

Frjáls för stórgripa er óhindruð för stórgripa hvert og hvenær sem er, þ.e. hvorki heft af grip-heldum girðingum, hliðum, öðrum mannvirkjum eða náttúrulegum farartálmum.

Graðpeningur er kynþroska, ógelt og frjótt karldýr búfjártegunda sem geta gagnast kvendýrum og getið afkvæmi við þeim, þ.e. naut og graðhestar (stóðhestar).

Gripheld girðing er mannvirki úr ýmiss konar efni sem reist er til að hindra frjálsta för búfjár. Hún er breytileg að gerð og gæðum eftir tegund, aldri og kyneiginleikum búfjár, s.s. fjárheld, hrossheld, nautgripaheld og graðpeningsheld.

Gripheld varsla er hindrun á frjálsri för búfjár með gripheldum girðingum, hliðum og öðrum mannvirkjum svo og með náttúrulegum farartálmum sem koma að sama gagni.

Huglæg varnarlína er ákveðin hugsuð lína, merkt á landakort eða lýst með heitum þekktara örnefna, sem ætlað er að aðskilja búfé, sbr. varnarlínu, en uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru til vörslulínu.

Lausaganga er þegar búfé getur gengið á annars manns land í óleyfi.

Lausagöngubann er bann sem sveitarstjórn samþykkir fyrir sveitarfélagið í heild eða afmarkaða hluta þess til að koma í veg fyrir lausagöngu búfjár.

Lausagöngufénaður er búfé á lausagöngu hvort sem lausagöngubann er í gildi eða ekki.

Náttúrulegur farartálmi er hindrun sem kemur í veg fyrir frjálsta för búfjár, s.s. ófærir hamrar, björg og jöklar, ófærar ár, vötn, lón og sjór við lágfjöru.

Skurður er minnst 3 m breiður og 1, 5 m djúpur framræsluskurður.

Stórgripir teljast í samþykkt þessari hross og nautgripir.

Varnarlína myndar mörk sóttvarnarsvæða, þar með taldar girðingarlínur sem skiptast í aðalvarnarlínur og aukavarnarlínur.

Varsla búfjár er þegar eigandi eða umráðamaður búfjár heldur því innan ákveðins afmarkaðs svæðis.

Veghaldari er aðili sem hefur forræði yfir vegsvæði þar með vegagerð, þjónustu og viðhaldi vega.

Vegsvæði er land sem vegur og öll önnur mannvirki viðkomandi veginum standa á, s.s. vegkantar, girðingar og hlið.

Vörsluáðili búfjár er eigandi eða umráðamaður búfjár ábyrgur fyrir vörslu þess í samræmi við gildandi reglur í viðkomandi sveitarfélagi.

Vörsluáðili lands er eigandi eða umráðamaður lands, þar með landgræðslugirðinga, skógræktar-girðinga og vegsvæða sem er friðað fyrir lausagöngu búfjár.

Vörslugildi er eiginleiki girðingar, hliðs eða annars mannvirkis, svo og náttúrulegs farartálma, til að hindra frjálsta för búfjár.

Vörsluhólf er reitur, beitarhólf eða landsvæði afmarkað vörslulínu.

Vörslukrafa er krafa eða viðmiðun um gerð og gæði tiltekinnar vörslu, mismikil eftir tegund, aldri og kyneiginleikum búfjár.

Vörslulína er gripheld girðing, hlið og önnur mannvirki svo og náttúrulegur farartálmi sem kemur í veg fyrir frjálsta för búfjár allt árið eða á þeim tímum árs þegar búfjár er von á svæðinu.

Vörsluskýlda er skilyrðislaus krafa um að eigandi eða umráðamaður búfjár ábyrgist að tiltekið búfé í umsjá hans sé haldið innan afmarkaðs svæðis allt árið eða tiltekna hluta ársins.

3. gr.

Fullnægjandi varsla.

Varsla telst fullnægjandi þegar unnt er að stöðva alla frjálsa för búfjár inn á ákveðið svæði eða út af því, á tilteknum árstíma. Skal þá tryggt að viðkomandi vörslulína hafi vörslugildi í samræmi við þær vörslukröfur sem gerðar eru til hennar. Huglægar varnarlínur, varnarlínur á milli sóttvarnarsvæða og girðingar með vegum þar sem för búfjár er frjáls inn á vegsvæði á einum eða fleiri stöðum, uppfylla ekki þær kröfur sem gerðar eru til fullnægjandi vörslu samkvæmt samþykkt þessari.

4. gr.

Kröfur um vörslu.

Þær kröfur skal gera til vörslu stórgripa að hún sé gripheld og hindri frjálsa för þeirra. Sveitarstjórn ábyrgist handsömun og geymslu lausagöngugripa nema um annað sé samið við einstaklinga og stofnanir.

Heimilt er sveitarfélaginu að krefja eiganda lausagöngugripa um greiðslu vegna þess kostnaðar er á það kann að falla vegna aðgerða á grundvelli samþykktar þessarar.

Lágmarksgæðakröfur fyrir girðingar og önnur mannvirki sem teljast gripheld fyrir hverja tegund búfjár skulu vera eftirfarandi:

A. Hrossheld girðing.

1. Netgirðing með 5 strengja vírneti og minnst einum ofan við það. Hæð girðingarinnar skal vera 1,10 m. Jarðfastir tré-, járn- eða plaststaurar skulu vera með mest 4 m millibili. Þegar notaðar eru renglur skal mesta bil á milli jarðfastra staura vera 9 m enda sé þá bil á milli rengla mest 3 m.
2. Girðingar úr ýmsu efni s.s. tré, steinsteypu, stáli, áli, plasti, grjóti og torfi sem teljast fjárheldar að mati héraðsráðunauta eða landsráðunauta.
3. Gaddavírsgirðing með 3 gaddavírsstrengjum. Hæð girðingarinnar skal vera 1,10 m. Jarðfastir tré-, járn- eða plaststaurar skulu vera með mest 4 m millibili. Þegar notaðar eru renglur skal mesta bil á milli jarðfastra staura vera 9 m enda sé bil á milli rengla mest 3 m.
4. Rafgirðing háspennt og varanleg, með 2 vírstrengjum. Hæð girðingarinnar skal vera 0,95 m. Jarðfastir tréstaurar þar með úr harðviði og plaststaurar, skulu vera með mest 10 m millibili. Þegar notaðar eru renglur skal mesta bil á milli jarðfastra staura vera 24 m enda sé bil á milli rengla mest 8 m. Um uppsetningu, búnað og frágang rafgirðingar fer að öðru leyti eftir reglugerð nr. 121/1999 um breytingu á reglugerð nr. 264/1971 um raforkuvirki, með síðari breytingum og reglugerð um girðingar nr. 748/2002.
5. Skurðir með 2 eða fleiri gaddavírsstrengjum á skurðbakka. Um staura gilda sömu reglur og fyrir gaddavírsgirðingar.

Óheimilt er að nota gaddavír og háspenntar rafgirðingar umhverfis gerði eða hólf, sbr. ákvæði 17. gr. reglugerðar um velferð hrossa nr. 910/2014.

B. Nautheld girðing.

Allar hrossheldar girðingar, sbr. ákvæði A-liðar þessarar greinar, að því undanskildu að gaddavírsgirðing með 2 gaddavírsstrengjum er fullnægjandi varsla fyrir mjólkurkúr.

C. Hlið og ristarlið.

Gera skal sömu vörslukröfur til hliða og ristarliða og annarra hluta vörslulínu. Þess skal gætt að auðvelt sé að opna og loka hliðum. Veghaldari leggur til ristarlið, sbr. vegalög nr. 80/2007.

D. Frágangur vörslulína.

Við frágang mannvirkja sem mynda vörslulínu, s.s. girðinga, hliða og ristarliða, skal þess gætt að ekki skapist hætta á meiðslum eða slysum fyrir búfé og fólk. Sama gildir um frágang göngustiga og þrila sem vörsluaðili búfjár eða lands setur upp til að greiða fyrir lögmætri för almennings um landið, sbr. ákvæði laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um almannarétt, umgengni og útivist.

5. gr.

Kröfur um vörslu graðpenings.

Rétt er vörsluaðila stórgripa að setja upp viðvörunarskilti við vörsluhólf fyrir graðpening þar sem almenningi er greint frá þeirri hættu sem stafað getur af för um landið. Til vörslu graðhesta (stóðhesta) utanhúss skal gera eftirfarandi lágmarkskröfur:

A. *Vörsluhólf.*

Hrossheld rafgirðing, sbr. ákvæði 4. tl. A-liðar 4. gr. samþykktar þessarar.

Fjórheld netgirðing, sbr. ákvæði 1. tl. A-liðar 4. gr. samþykktar þessarar, að viðbættum 2-3 gaddavírstrengjum, þannig að hæð girðingarinnar verði allt að 1,30 m.

B. *Gerði við hús.*

Hæð skilveggja skal vera minnst 2,0 m. Séu skilveggir ekki heilir (lokaðir) skulu þeir vera það þéttklæddir að hross í nærliggjandi gerðum nái ekki saman.

6. gr.

Umsögn um vörslugildi og gæðamat mannvirkja.

Vörsluaðila búfjár og lands er heimilt að leita umsagnar héraðsráðunautar eða landsráðunautar um vörslugildi vörslulína og gæði viðkomandi mannvirkja. Komi upp ágreiningur er rétt að kveðja til einn eða fleiri ráðunauta til að gæðameta og úrskurða um vörslugildi viðkomandi vörslulínu. Heimilt er að kveðja til starfsins héraðsráðunaut utan viðkomandi búnaðarsambands svæðis. Allan kostnað af slíkum störfum greiða deiluaðilar.

7. gr.

Refsingar.

Rísi mál út af samþykkt þessari skal með það farið að hætti opinberra mála. Brot gegn ákvæðum samþykktarinnar varða sektum skv. 14. gr. laga um búfjárhald nr. 38/2013.

8. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi, sem samþykkt hefur verið við tvær umræður af sveitarstjórn Múlaþings, er sett með stöð í 5. gr. laga um búfjárhald nr. 38/2013 og 3. gr. reglugerðar um girðingar nr. 748/2002, sbr. 3. gr. girðingarlaga nr. 135/2001 til að öðlast þegar gildi.

Samþykkt í sveitarstjórn Múlaþings, 9. júní 2021.

Björn Ingimarsson sveitarstjóri.